Sveinn Yngvi Egilsson

HJARÐLJÓÐ ÚR VESTURBÆNUM

L prósar

[1005 • II. TBL. • III. HEFTI]

1005 • KIND

REYKJAVÍK • MMXIV

EFNI

Aðfall VII
Annars ekkert VIII
Áar mínir IX
Borðsiðir X
Crieff XI
Dropar XII
Dvergaskipið XIII
Eina ljóðið XIV
Fingraför mennskunnar XV
Flugfiskar XVI
Gallagripir XVII
Ganga XVIII
Hjarðljóðaraunir í Reykjavík XIX
Hunang ljóðsins XX
Höfuðfætlurnar XXI
Innan sviga XXII
Íkarus XXIII
Íslensk skriðdýr – höggormar XXIV
Jaðrakan XXV
Kornsnákur XXVI
Leiðin upp á Heklu XXVII

Leikstjórastóllinn XXVIII
Lestur bóka XXIX
Listasaga XXX
Mynd XXXI
Narsissus XXXII
Olíulampi XXXIII
Ósigrar XXXIV
Parnassus XXXV
Penelópa XXXVI
Regnhlífarlaus XXXVII
Reki XXXVIII
Rok og rigning XXXIX
Rómarfarið XL
Saga einkalífsins XLI
Sá hlédrægi XLII
Skáldkona XLIII
Skógarlíf XLIV
Stofudrama XLVI
Sumarkona í september XLVII
Sveitasæluljóð XLVIII
Talað í kross XLIX
Talnaruna L
Undir leikrænu laufþaki LI

Útsýni LII
Útvarp LIII
Viði vaxið LIV
Yfirhöfn LV
Þú hér? LVI
Öskjuhlíð LVII

AÐFALL

Það fellur að húsinu, freyðir um stafn þess og þú rumskar og rúðurnar nötra undan þrýstingi hafsins; það glitrar á hreistur og augu sem horfa inn, á þig í náttfötum, syfjaða, berfætta veru; augu sem geta ekki lokast og silfraðar trjónur sem snerta glerið að utan; og fingur þinn þurr kyssir á móti og fer síðan aftur að sofa.

ANNARS EKKERT

Sófa undir berum himni, brakandi af þurrki. Sófa til að setjast í og liggja í og kela í. (Þannig sófa.)

Baðkar á eyðisöndum, fullt af ylvolgu regni. (Aðeins höfuð manns stendur upp úr, eins og á floti á vatnsfletinum.)

Eitthvað út úr samhengi en ósköp heimilislegt, vellyst í víðáttunum.

Annars ekkert.

ÁAR MÍNIR

Áar mínir voru alvarlegir menn en alvarleika sinn báru þeir ekki þunglega heldur reiddu hann glaðir um öxl á vegferðum sínum um heiminn og lögðu hann frá sér og tóku upp léttara hjal þegar áð var. Hann sat þar eins og sálarfullur poki og dró í sig raka jarðar.

Og svo var honum lyft og haldið áfram. Sannlega seig hann í en aldrei létu þeir annað á sér finna en að þeir hefðu kosið þennan bærilega þungleika sjálfir, sem gekk eins og ættargripur frá einum manni til annars.

Með ýkjusögum og góðlátlegu gamni héldu þeir hryggðinni uppi á snakki; hún náði að skjóta inn orði og orði en aldrei að þyngja ræðuna að ráði. Svo kvöddu þeir hana kurteislega en stutt, kallaðir burt í hálfnaðri sögu sem haldið yrði áfram síðar ef fundum þeirra bæri aftur saman – enda bráðum komin nótt.

Orðin og gerðirnar áttu sér þó sitt innra rím, samhljóm í tíma: ötular tungur og talandi hendur tókust þar á við heiminn. Af því að þeir voru opnir og óhræddir við að leggja sjálfa sig undir á hverri stund varð lífið að hvunndagslist.

Og þetta kunnu áar mínir allra manna best: að kasta sér eins og kviðlingi fram og leyfa svo hinum að henda á lofti.

BORÐSIÐIR

Dauðinn kemur eins og fremur viðkunnanleg boðflenna í eftirmiðdagskaffi, sem enginn var svo sem sérstaklega boðinn í, og sest í besta stólinn. Hann tekur hæglætislega í hornið á borðdúknum og þreifar á efninu með þumli og vísifingri. (Þetta er sænskur hördúkur, þó að það skipti kannski ekki máli í þessu samhengi.) Hraðar en auga á festi rykkir hann dúknum af borðinu undan öllu því sem þar er. Glamrandi bollar og titrandi kökur vita ekki fyrr til en þau standa á berri borðplötunni en hafa þó ekki hreyfst úr stað.

Það er auðvitað engin ástæða til að blása kaffiboðið af en einhvern veginn er stemmningin orðin hrárri. Fáið ykkur endilega meira, segir gestgjafinn, ekki vantar veitingarnar.

Þessi í besta stólnum situr með kuðlaðan dúkinn í fanginu eins og sá sem veit upp á sig skömmina en virðist ekki hafa neina lyst.

Maður getur alltaf á sig blómum bætt, segi ég furðu hressilega og teygi mig í síðustu sneiðina.

CRIEFF

Miðja vegu yfir á vesturströndina var dálítið þorp uppi í fjöllunum, kallað Crieff. Við áðum þar gjarnan og fengum okkur ís. Gengum eftir aðalgötunni, framhjá brunninum og að búð sem seldi hannyrðavörur. Það var útprjónuð peysa í glugganum sem ég hefði átt að gefa þér en gerði víst aldrei.

DROPAR

Stígvélin hafa tekið sér stöðu við útidyrnar. Nokkuð ljóst hvert þau vilja fara. Regnhlífin er sama sinnis og bíður átekta eins og fugl sem er við það að taka flugið. Ég reyni að segja þeim að það sé þurrkur og ef ég færi út yrði það á strigaskóm. Ég þyrfti ekki á neinni hlíf að halda.

En þau hlusta ekki á rök, vilja út. Ojæja, þau um það. Ekki skal ég neita þeim um dáldinn spássértúr.

Ég opna dyrnar og fylgi þeim eftir með augunum þar sem þau hverfa fyrir götuhornið um leið og ég sé að fyrstu droparnir falla.

DVERGASKIPIÐ

Dvergaskipið leggur að landi. Rotturnar þakka fyrir ferðina og trítla eftir köðlunum áleiðis í bæinn.

Þetta er um jólaleytið og stemmning um borð, menn klifra upp í mastur með marglitar ljósaperur. Í rökkrinu falla nykraðir brandarar og *barbarismus*. Farmurinn er fljótandi og ilmar upp úr lestinni.

Dvergaskipið: risastór skuggi sem liggur við landfestar á meðan við byltum okkur undir snjóhvítum sængunum.

EINA LJÓÐIÐ

Afi minn orti bara eitt ljóð um ævina, þetta sem ég fann svo greinilega uppi á háalofti í gamalli kistu innan um handskrifaða reikninga, brúnar ljósmyndir, þungar 78 snúninga grammófónplötur, loftvarnarhjálm og fíngerðan ilm af fjarlægri konu.

FINGRAFÖR MENNSKUNNAR

Fallegt er að sjá fullorðna konu lifa sig svo algjörlega inn í leikrit og kvikmyndir að hún reynir að vara persónurnar við þegar hætta steðjar að. Ekki endilega hástöfum, enda er hún engin óhemja. En samt má heyra til hennar ef lagt er við hlustir í hálfrökkrinu úti í sal. Hún hvæsir ókvæðisorðum að þorpurunum þarna uppi og þrífur óþyrmilega í handlegginn á næsta manni í geðshræringu sinni. Oft er það enginn annar en ég, enda tíður gestur í húsum af þessu tagi. Ég læt þó aldrei á neinu bera, lít ekki einu sinni á konuna. Þegar ljósin kvikna geng ég í hina áttina og marblettirnir koma yfirleitt ekki í ljós fyrr en daginn eftir. Það er dálítið eins og að framkalla litmynd með gamla laginu, góðir hlutir taka tíma. Svo bretti ég upp ermar og geng um bæinn eins og sjómaður frá fyrri tíð sem sýnir nýjasta húðflúrið sem hann fékk í erlendri höfn.

FLUGFISKAR

Flugfiskar eru algengir í uppsveitum Árnessýslu. Innan um þúfur leynast þeir og spretta undan fótum manns þegar minnst varir. Þeir glitra í grasinu eins og álar og suða um leið eins og býflugur. Það boðar ógæfu að stíga ofan á þá en verst er það þó fyrir þá sjálfa, svo draumlyndir og svifaseinir sem þeir sumir eru.

GALLAGRIPIR

Hann setti alla á einhvern bás í rúmgóða höfðinu sínu. Sama hvað tautaði og raulaði, stappaði og baulaði, enginn komst þaðan út. Ekki fyrr en sá gamli var allur og dyrnar lukust upp og vorloftið streymdi inn. Það tók gallagripina dágóða stund að venjast frelsinu og þeir stóðu áttavilltir á hlaðinu, blindaðir af birtunni. Þegar þeir fóru loksins að tínast niður á tún sá ég á göngulagi þeirra að básinn fylgdi þeim lengi eins og ferkantað krínólín.

GANGA

Ég fer í hráslagalegan jakkann sem lyktar af sauðkind í sudda; hann er rakur af göngu minni um afrétti íslenskra fjalla í gær.

Svona jakkar þorna ekki á einni nóttu.

HJARÐLJÓÐARAUNIR Í REYKJAVÍK

Þjóð getur harmað hlutskipti sitt á ótal vegu og nýtt sér reynslu kynslóðanna og sögulegar fyrirmyndir allt frá falli Rómaveldis. Til hvers að finna upp hjólið þegar við erum hvort sem er komin í vagninn sem svörtu fákarnir draga? Hægt er að fá grískar grátkonur til að rífa hár sitt og klæði eða írska tenóra til að syngja kráarsöngva um dapurlegar ástir og örlög sem eiga alltaf jafn vel við. Ég get líka útvegað tvo smala á hagstæðu tímakaupi sem kunna að kveðast á og rekja raunir í hjarðljóðastíl. Áhrifin eru undraverð. Ég hef séð heljarmenni hristast af ekka við það eitt að heyra þá trega horfna tíð þegar allt stóð í blóma á Íslandi og hjarðirnar undu glaðar við sitt á malbikinu. Það er svo gott að gráta saman. Eitt símtal og þeir eru komnir í hverfið þitt.

HUNANG LJÓÐSINS

Út úr einsemdinni lekur hunang ljóðsins. Lágvært suðið í kolli þínum, ósýnilegir vængir og flugufætur fjarlægs skáldfáks. Eitthvað sem nálgast þínar hálfblómguðu hugsanir, eitthvað sem kemur og fer og safnar saman sætleika hinna kyrru stunda.

HÖFUÐFÆTLURNAR

Kringlóttur haus með kræklóttum fótum og örmum; enginn búkur. Á blöðum bernskunnar birtust þær alltaf með dularfullan ferhyrning ofan á hvirflinum. – Höfuðfat? Eða útvarp sem vó þar salt? Eða hafði sest þar tungl ferkantað og neitaði að fara?

Þú sérð þær stundum á strætum þinna drauma, dettandi undan þunga höfuðsins. Og hljóðin úr kassanum, þær annarlegu útsendingar: tunglskinssónötur og trylltar þagnir – en svo vaknarðu við að í óráðskenndri yfirstærð situr þú hérna sjálfur.

INNAN SVIGA

Fyrstu árin lifum við innan sviga. Þeir vernda okkur en minnka um leið vægi okkar, við erum varla merkingarbær í textasamhengi lífsins. Svo falla svigarnir af okkur eins og vettlingar. Við rekumst á þá síðar í slabbi götunnar, tökum þá upp og hengjum á grein í þeirri von að litli eigandinn reki í þá augun.

ÍKARUS

Maður sem dýfir sér fram af efstu brún á háhýsi nýtur óvenjulegs útsýnis á leið sinni niður. Ef hann hefur stungið sér á réttan hátt í uppstreymið sem gjarnan er við íslenskar blokkir helst hann á hvolfi alla leið og klýfur loftið með lágum en auðþekktum hvin. Margt ber þá fyrir augu sem áður var hulið. Hæð af hæð opnast honum og allt á haus, íbúar jafnt sem innbú, heimilisdýr og húsbúnaður.

Köttur úti í glugga er sá eini sem verður vitni að því undri er maður fellur af himnum ofan og fylgir honum eftir með gulum glyrnum sínum allt á leiðarenda. Svo grípur eitthvað annað athygli dýrsins og það fer að eltast við fiskiflugu í gluggakistunni. Hún hefur verið að reyna að komast gegnum glerið í allan dag. Handan þess er frelsið og kannski getur kötturinn hjálpað henni yfir um. Sólargeislarnir smjúga í gegn eins og ekkert sé og hitinn í stofunni er að verða óbærilegur.

ÍSLENSK SKRIÐDÝR – HÖGGORMAR

Höggormar eru engir til á Íslandi utan djöfullinn. Hann er algengastur á Vestfjörðum en dreifist annars nokkuð jafnt um sveitir landsins. Djöfullinn er ekki eitt af landnámsdýrunum heldur barst hann hingað til lands frá Evrópu á 16. öld. Genasamsetningin sýnir skyldleika við þýska afbrigðið *Diabolus germanicus*. Hann unir sér best á láglendi nálægt byggð, sérstaklega þar sem jörð er gljúp og fylgsni næg. Á góðviðrisdögum hringar hann sig í móum og lætur blíðlega. Djöfullinn er fögur skepna og vel eygð. Lágt hjal hans lætur vel í eyrum. Litur hans og lögun eru breytileg eftir árstíðum. Á vetrum er hann mjór og ljós en gildur og grænn á sumrin. Bit hans er eitrað en yfirleitt er hann ekki árásargjarn nema honum sé ógnað. Ekkert móteitur hefur fundist við bitinu sem er sjaldnast banvænt en veldur hitavellu og óráði sem hverfur á þriðja degi en getur tekið sig upp síðar og valdið efasemdum og kvíða. Sem gæludýr er djöfullinn skemmtilegur kostur en hans verður að gæta dag og nótt og geyma í glerbúri (stór fiskabúr eiga að halda honum, enda eru þau gerð fyrir mikinn þrýsting). Einmana börn geta fundið í honum áhugaverðan félaga fyrir lífstíð því að hann er langlífur og sýnir eigandanum ævarandi tryggð.

JAÐRAKAN

Að lifa á jaðrinum er hugsjón sumra. Þeir taka á sig krók hjá keldu alfaraleiða, fara yst með sjóndeildarhringum, hlaupa þvert yfir veginn og áfram út í móa, verpa eggjum bara til þess að vera ekki eins og hinir, draga sig út úr orðræðunni og taka upp á því að syngja með nefi sem sveigist uppávið af einberri þrjósku. Jaðrakan heita þessir fuglar og ef þeir létu af sínu harðakani væri hægt að friða þá í eitt skipti fyrir öll.

KORNSNÁKUR

Kornsnákur fannst í austurhluta borgarinnar síðdegis í dag. Ég heyrði það í fréttunum. Hann hafði villst frá mömmu sinni í Vesturbænum. Lögreglan skilaði honum heim og lét svo um mælt að hann væri of ungur til að leggja land undir fót. Mér fannst það pínulítið fyndið en auðvitað er þetta alvarlegt mál.

LEIÐIN UPP Á HEKLU

Leiðin upp á Heklu liggur gegnum hjartað. Og þaðan út og upp í bíl og austur fyrir Fjall, með mátulegu staldri í sjoppum og stoppum hjá niðurrigndum, nýfæddum lömbum í vegkantinum; yfir Ölfusá (ó varaðu þig á svelgnum í henni) og síðan sem leið liggur eftir miðríkjasléttum Ameríku (þá er komin sól), uns þú sérð Heklu álengdar og yfirgefur bílinn og hefur þína göngu.

Farðu nestislaus og illa skóaður; fjöllum verður að koma á óvart. Njóttu útsýnisins; kannski kemstu aldrei alla leið. Minnstu betri manna en þín sem rötuðu í villur.

Þegar þú nálgast tindinn skaltu nema staðar og láta fyrirberast á fjallinu yfir nótt, ef vera kynni að stjarna vísaði þér veginn þangað sem ógn og eldur liggja í vöggu sinni.

Eða ráðast til uppgöngu af ósvífni, frekju og trú og hlusta ekki á ferðalýsingar eða fróðleik; það gildir einu, enda hef ég sagt það áður að leiðin upp á Heklu liggur gegnum hjartað.

LEIKSTJÓRASTÓLLINN

Ég sest í leikstjórastólinn og æpi skipanir.

Allt fer á fleygiferð. Leikkona með afar hættuleg gleraugu þýtur inn á sviðið frá hægri og fer með framandi línur. Tunglið situr auðsveipt á öxl hennar þar sem hún stendur og baðar út öngum.

Þetta er allt mjög vel æft en ég er aldrei ánægður:

Aftur! æpi ég og sviðið tæmist á ný af tungli og konu.

LESTUR BÓKA

Að lesa bók er bara aðferð til að hafa eitthvað á milli andlitsins og heimsins. Dagblöð duga líka vel til þess, tölvur og regnhlífar. Fornmenn notuðu skildi til að skýla sér á bak við. Bókin veitir algjört skjól ef hún er lögð opin yfir andlit liggjandi manns, helst í almenningsgarði á góðviðrisdegi. Pappírsangan fyllir vitin og maður þarf ekki að lesa heldur nemur textann með líkamanum. Enginn abbast upp á mann sem er eins og bók í framan, nef hans kjölur sem nær frá höku upp á enni. Heimurinn fer hjá slíkum manni og angrar hann ekki meir.

LISTASAGA

Ef rómversku nefin og hendurnar grísku, sem aldirnar brutu af styttunum gömlu, söfnuðust saman, þá yrði nú mikið þefað og þreifað.

Og afskorið eyra það fengi að heyra.

MYND

Fjall sem hangir uppi á vegg hefur enga hamra, enga egg. Og samt er það þarna, þótt ekkert þýði að klifra eða reyna að sigra.

Bara horfa. Og hugsa um naglann sem heldur þessu uppi án orða.

NARSISSUS

Ég minnist hans sem fremur ófríðs manns á yngri árum án þess þó að ég vilji leggja dóm á útlit manna. Ég reyni að sjá fegurðina í persónuleika hvers og eins. En það fór ekki framhjá mér að með árunum fríkkaði hann til muna og á miðjum aldri var hann orðinn eins og eitthvað sem maður sér einna helst á hvíta tjaldinu. Kominn á efri ár varð hann ólýsanlega fagur. Andlitsdrættirnir urðu sem höggnir í marmara og líkaminn guðdómlega formaður. Smjörkennd birta húðarinnar minnti á helga menn. Ég kom stundum að honum þar sem hann stóð við spegil og æfði fingrastellingar eins og þær sem maður sér á myndverkum gömlu meistaranna. Í ljósaskiptunum átti hann það til að taka sér stöðu á götuhorni og láta vangasvipinn njóta sín, uns hann máðist út og varð að minningu í myrkrinu. Þetta dýrlega gamalmenni átti miklum vinsældum að fagna meðal veikara kynsins, eins og hann kallaði konurnar. Ég gat ekki annað en samglaðst honum þó að ég hefði mínar efasemdir um ágæti þess að vera svona vel útlítandi. Ég sá hann síðast í Hólavallagarðinum þar sem hann reikaði meðal leiða og blessaði yfir grafir manna sem báru dönskuleg eftirnöfn. Ég held að hann hafi trúað því að hann yrði eilífur.

OLÍULAMPI

Kámugi olíulampi með uppmjóum glerhjálmi og ofurlitlu pilsi upp á punt, eins og brothætt gömul dama, laus við sót en lyktandi af steinolíu.

Komnar eru næturnar sem kveikja ekki í þér.

ÓSIGRAR

Enginn veðjaði á okkur. Enginn sagði: þetta eru mínir menn. En þegar við unnum okkar litlu sigra könnuðust þeir við okkur eins og við værum týndir synir, glataðar dætur sem sneru heim. Og við leyfðum þeim að láta sem þeir ættu hlutdeild í erfiðinu, án þess þó að gleyma hinu – að í komandi ósigrum stæðum við ein og þess vegna gæti enginn tekið þá frá okkur.

PARNASSUS

Á miðjum Sprengisandi rís algrænt fjall upp úr svartri auðninni og heitir Parnassus. Staðkunnugir segja að fjallið sjáist aðeins undir ákveðnu sjónarhorni og við sérstök veðurskilyrði, en ástæðan kann að vera sú að þetta sé aðeins framhlið fjalls úr einhverri kvikmynd sem hætt var við að gera. Lærður leikhúsfræðingur hefur haldið því fram að þarna séu komin leiktjöldin úr týndu háfjalladrama eftir Sigurð málara.

Ferðalangar hafa séð ljósagang í hlíðum fjallsins á myrkum haustnóttum og í þoku hefur heyrst þaðan fagur söngur og hljóðfærasláttur. Jeppamaður sem nýlega var á þessum slóðum heyrði í tækjunum kallað á Dóra en þegar hann reyndi að svara heyrðist ekkert nema löng og þrungin þögn. Eftir fárviðri fundust slitur úr grískum kufli utan í vörðu efst í Kiðagili.

Ég skal ekki fullyrða um eðli og tilvist þessa fjalls, en ungu fólki á uppleið vil ég benda á að varhugavert getur verið að klífa það sem ekki er ætlað lifendum heldur dauðum.

PENELÓPA

Meðan hún sat og saumaði út í skugga morgunsólarinnar á svölum hótelsins gengum við á sandölum yfir strandgötuna og lögðumst í gylltan mulning Miðjarðarhafsins. Hendurnar voru á sífelldri hreyfingu og hún leit ýmist niður eða í áttina til okkar. Upp úr hádegi fórum við í sjóinn eða niður í bæ og skildum eftir okkur för í fíngerðum sandinum en ólík þeim sem maður gerir sem engill í snjó um vetur. Ég hefði gefið mikið fyrir að sjá hvað hún saumaði þarna dag eftir dag á skuggasvölunum þangað til hún varð að halda aftur norður á bóginn. Það var mynd af henni í blöðunum stuttu eftir að við komum heim.

REGNHLÍFARLAUS

Regnið drepur fingurgómum sínum á rúðuna eins og sá sem er orðinn þreyttur á að bíða. Ég lít ekki upp úr bókinni, læt ekki hafa mig út í þetta veður.

Kliðmjúka rigning, þér verðið að leika yður einsömul í kvöld. Hér situr maður sem er heimakær og kominn af léttasta skeiði. Honum nægir að rifja upp einhverja af þeim ótalmörgu regngöngum sem hann á að baki. Til dæmis þessa í Edinborg fyrir þrjátíu árum þegar þér voruð svo dularfullar og framandi. Regnganga hér í kvöld yrði ekki annað en endurtekning, dauft bergmál. Þér hafið ekkert nýtt fram að færa og hann ekki heldur. Góða nótt, regn, farið í friði, milda regn.

Svo loka ég bókinni, stend á fætur og fer í frakkanum út, regnhlífarlaus að vanda.

REKI

Rótarhnyðju rekur upp á land. Hóf sig áður hátt með söng í laufi.
Flækja af ævafornum meiði. Lífsins snúni fótur, sniðinn af við hné.

ROK OG RIGNING

Þú fylgist álengdar með austrænni konu í íslensku roki og rigningu. Búin að opna regnhlífina já. Þvílík bjartsýni! Og þú veðjar við sjálfan þig um hve fljótur vindurinn verði að slá regnhlífinni upp eða feykja henni úr hendi þessarar smágerðu konu. En áfram tiplar sú stutta eftir rennblautu strætinu og beinir regnhlífinni fimlega upp í vindinn. Og áttin snýst og hviðurnar koma alls staðar að, en hún virðist hafa sjötta skilningarvitið fyrir hverfulleika tilverunnar. Þú tapar veðmálinu fyrir sjálfum þér því hún gengur götuna á enda gegnum þetta straumþunga, fossandi frumefni sem hún hrindir af sér eins og skrjáfþurr andstæða þess, uns hún hverfur inn í húsið þarna, bréfbátur sem aldan lyftir á land.

RÓMARFARIÐ

Þú fékkst þér aldrei far með kirkjuskipinu en fórst þó stundum um borð á sunnudögum þegar það lá við festar á Landakotstúninu. Ilm af reykelsi sló fyrir vit og þú heyrðir framandi tungur þeirra landa sem siglt var til. Nætursiglingar hafa þetta verið því skipið var alltaf á sínum stað þegar þú vaknaðir á morgnana. Í skugganum af þessum mikla steinnökkva lékstu fótbolta með vinum þínum á sumrin. Hvað boltinn skaust langt með einu góðu sparki! Hér um bil eins langt og áhugi þinn náði í þá daga þegar ferðahugurinn var ekki kominn í þig. En núna – kannski um miðnæturbil – gætirðu vel hugsað þér að leggja á djúpið ef þú værir viss um að gotneska sálnafleyið skilaði þér aftur heim.

SAGA EINKALÍFSINS

Bak við japanska pappírsveggi og hljóðlausar rennihurðir hækunnar fetar þú berfætt á nýju ári, lyftir þínum fagursköpuðu hælum í takt við hrynjandi þagnarinnar. Ef þú ert ein, af hverju ertu þá að laga te handa tveimur? Veistu kannski af þessum hér sem liggur í leynum? Sestu hljóð við lága borðið og bíður þess þolinmóð að unnustinn losni við feimnina og ljúki upp skrjáfandi dyrum skáldskaparins?

SÁ HLÉDRÆGI

Hann hélt sér þurrum í veislum og á mannamótum þegar allir aðrir jusu úr skálum ræðunnar: orðunum rigndi yfir stofur og torg og allt varð gegndrepa. Það buldi jafnt á borðum og stéttum; niðurfallsrör og rennusteinar höfðu varla undan. En þá gekk hann þurrum fótum, sá hlédrægi, eða kom sér fyrir úti í horni, einhvers staðar afsíðis þar sem hann gat staðið skúrina af sér. Hokinn og inn í sig eins og fugl sem þolir ekki vætu og mænir út í regnið innst innan úr laufþykkninu. Svipurinn ekki sigurglott heldur vandræðalegur umfram allt, en samt í honum veðruð vissan um að alltaf hlyti að stytta upp.

SKÁLDKONA

Best voru kvöldin þegar hún orti húsið ofan af sér, uns sá í heiðar stjörnur; andvarinn lék um höfuð hennar, heitt af skáldskap: kul háloftanna miskunnsamt, skírt, óvarið, opið.

Eins og Lísa sem óx upp úr þakinu fann hún undrandi fyrir stærð sem fékk hana til þess að ganga álút um daga, eins og sá sem reynir að reka sig ekki í himintunglin.

SKÓGARLÍF

Það er svo margt sem hefur breyst frá því að ég var ungur. Vesturbærinn bauð þá ekki upp á fljótalíf, það var ekki hægt að láta sig reka letilega á fleka fyrir aurugum vatnsflaumi liðlangan daginn og bregða sér í land þegar þannig lá á manni og lesa stikilsber af runnunum. Vinur minn átti reyndar munnhörpu en hann var ekki svartur og það vantaði alveg þennan Suðurríkjasjarma sem flæðir nú út um allt. En við höfðum trén. Duglegir útgerðarmenn höfðu plantað þeim á millistríðsárunum og þau voru orðin nógu há á hippatímanum til þess að maður fengi fiðring í magann ef maður klifraði upp í topp.

Við áttum drauma um að leggjast út í ræktarlegum görðunum á sumrin, lifa á gulrótum og káli sem fyrirmyndarhúsmæður ræktuðu í hvarfi við hekkið á eignarlóðum sínum. Hið frjálsa skógarlíf var raunverulegur möguleiki á þessum slóðum, rétt handan við hornið eins og nýlenduvöruverslanirnar. Veðrið yrði alltaf gott. Ef í harðbakkann slægi gætum við bara farið í mjólkurbúðina og fengið vínarbrauðsenda sem ekki gengu út. Mæður okkur mundu halda áfram að kalla á okkur í kvöldmatinn en við hlýddum ekki og héngjum uppi í trjánum.

En á endanum fórum við að heiman á öðrum forsendum og það var þegar skógardísirnar komu og breyttu okkur í satýra. Ég veit það hljómar fáránlega en öðruvísi get ég ekki lýst því sem gerðist. Gömlu goðsagnirnar vitjuðu okkar. Það hefur verið gott líf og ég sé ekki eftir neinu en sakna þess þó stundum að geta ekki hafið mig yfir þetta allt. Því er nú einu sinni þannig varið að þeir sem hafa klaufir geta ekki klifrað í trjám.

STOFUDRAMA

Misskilningur, stofa, margar dyr, svo margar dyr til að fara út um og inn um aftur. Svo margar hurðir til að skella og til að leggja hægt að stöfum. Hurðir til að hlera gegnum. En engin undankomuleið. (Og allra síst fyrir þá sem horfa.) Hlátur og grátur og allur þessi hávaðasami fyrirgangur sem við er að búast af fjölmenni í litlu rými. Felur, afhjúpun, meiri felur. Örvæntingarfull leit að fjölskylduleyndarmálum til að útskýra eitthvað. Sprenghlægilegt og þyngra en tárum taki. Leikið úti um allt land og dregið á eftir bílum á hringveginum.

SUMARKONA Í SEPTEMBER

Haustmyrkrið hefur sest í hvíthekluðu gardínurnar og fer illa úr þótt hún dusti þær og dusti að morgni.

SVEITASÆLULJÓÐ

Maður í víti mundi yrkja sveitasæluljóð til að svala sér á. Hann mundi lofsyngja forsæluna og áhyggjuleysið, hið tímabundna sem vex og fellur og varir ekki eilíflega.

Við erum öll eins og hugsmíð manns sem huggar sig við takmarkanir, ófullkomleika, bráð og smæð. Fyrir hann lifum við okkar stutta lífi og deyjum fljótt og örugglega.

TALAÐ Í KROSS

Ekki er öllum gefið að tala í kross svo vel sé. Það þarf tvo til, rétt eins og í samkvæmisdansi. Væri þetta dans mundi parið skiptast á að stíga á tærnar hvort á öðru. Gætilega en taktfast. Eða annað dansaði tangó á meðan hitt dansaði vals. Nýi heimurinn og gamli heimurinn, hann og hún ... En einfaldar líkingar hrökkva skammt og nykraðar myndhverfingar ná ekki einu sinni að lýsa svo háþróuðu sambandsleysi. Það er sérgáfa að tala listilega þvert á það sem aðrir segja og gera það á réttum – eða réttara sagt, röngum – eða öllu heldur, á röngunni á réttum – tíma. Margir halda að þetta stafi af því að menn hlusti ekki hverjir á aðra. En slíkt gera aðeins áhugamenn. Meistararnir vita að þetta snýst um kontrapunkt. Svona eins og að leika fúgu af fingrum fram. Við lærðum þetta í kjallara menntaskólans, sátum þar í notuðum hermannafrökkum og hömruðum fjórhent á svarta flygilinn. Manstu! Síðan höfum við talað í kross. Ef við skyldum hittast aftur á dómsdegi höfum við engu gleymt. Að togast á um það sem ekkert er – án þess að detta aftur á bak. Miðflótti aðdráttaraflsins. Þverrifan á heiminum, skakka brosið sem reynslan ristir í andlitið, grátandi hlátur, þúandi ég. *Saggði hann snöggur upp á lagið*. Þriðja árið var ekkert skárra. *Þá segi ég ofur rólega*. En síðan fór þetta að lagast. *Hver hefur sinn kross að bera*. Áður en allt fór til fjandans.

TALNARUNA

Þig grunar ártal, jafnvel mánuð, dag og stund, þig grunar að það komi hægt og seint, já samanlagt og útreiknað, dáldil talnaruna, þversumman af þér.

En skrýtið samt að hugsa sér að hlutir raðist upp í kringum þig án þess nokkur sjái – þú og þú og það sem var og hvað það allt nú heitir; þeir raðist upp og birtist þeim sem lifa í röð af tölum: hnepptum, dökkum jakka.

UNDIR LEIKRÆNU LAUFÞAKI

Undir leikrænu laufþaki í flöktandi sviðsljósi eigra ég á milli tvívíðra trjánna og fer með ógleymanlegar línur um ástina og mig, íklæddur Tsjekof-jakkafötum úr hör, sólofnum og rétt mátulega krumpuðum.

Handan laufskógarins liggur vegurinn að aldingarði elskunnar minnar, herragarðurinn á leiðinni á uppboð og hefur aldrei verið fegurri, svo dásamlega niðurníddur.

Þetta er stuttu fyrir rússnesku byltinguna (þetta er alltaf stuttu fyrir rússnesku byltinguna) og allt er ennþá keisaralegt eins og vel snyrt yfirvaraskegg.

Ég veit að ég ætti að yrkja þér ljóð, að ljóð eru líf, að ég er innst inni einhvers konar skáldmenni – en hver er ég að yrkja til þín?

Svo ég eigra innan um tré sem eru ekki tré og skógarsvörð sem brakar í; hljómsveitargryfjan er tóm og engin orð berast lengur úr einmanalegri hvíslarastúkunni.

Samt er ég sæll og slít þér eitthvað sem úr fjarlægð líkist blómi.

ÚTSÝNI

Ljósmyndin er ógreinileg en hún sýnir fugla á flugi. Ég tók hana út um lestarglugga í Hollandi. Ég veit ekki af hverju ég henti henni ekki heldur límdi hana inn í fjölskyldualbúmið. Kannski vegna þess að mig hefur alltaf langað til að vita hvað svona fuglar heita. Og hvert þeir fljúga um þetta leyti árs, um miðjan vetur þegar öll síkin hefur lagt. Hópurinn er í stærra lagi og virðist vera að leggja í langflug. Myndin er tekin síðla dags og birtu farið að bregða. Þegar ég skoða hana nánar sé ég að eitthvað speglast í lestarglugganum. Það er myndavélin og hendurnar mínar. Þetta er það sem af mér sést frá löngu liðnu augnabliki. Hvert ég var að fara man ég ekki. Kannski var ég á leið frá Amsterdam til Haag að skoða málverkin í Mauritshuis. Þar er lítið herbergi sem hefur að geyma *Stúlku með perlueyrnalokk* og *Útsýni yfir Delft* eftir Vermeer. Myndirnar hanga gegnt hvor annarri þannig að stúlkan getur virt fyrir sér útsýnið á hinni myndinni. Hún lítur um öxl eins og hún sé að kveðja eitthvað. Ég man að ég færði mig ósjálfrátt til í herberginu til að skyggja ekki á útsýni hennar. En kannski var ég ekki á leiðinni þangað þegar ég tók ljósmyndina. Það skiptir svo sem ekki máli, ég var sennilega ekki að fara neitt, sat bara í lestarklefa og horfði út um gluggann gegnum linsuna á gömlu myndavélinni minni. Og meðan ég smellti af þá flugu fuglarnir.

ÚTVARP

Bráðum verður gamla konan ekki hér. Hún er þegar komin hálfa leið í huganum, fárast yfir veðrinu á björtum júlídegi hér syðra, er þá stödd í sveitinni sinni fyrir norðan í þessum óþurrki sem þar er.

Bráðum verður hún komin þangað öll, farin héðan. En við munum hlusta eftir henni í veðurlýsingum utan af landi.

VIÐI VAXIÐ

Skógar á Íslandi eru óvenju greiðfærir sökum þess hve gisnir þeir eru. Víða erlendis hamlar skógarþykknið ferðum manna og veldur villum. Þar sem það er þéttast eru ferðalangar bæði yfirskyggðir og aðþrengdir. Íslenskir skógar eru aftur á móti víðáttumiklir og rúmgóðir. Innan marka þeirra er að finna berangur, brunasanda og eyðifjöll. Skógartjarnirnar eru á við stöðuvötn. Þó að ekkert tré sé í augsýn hverfur manni aldrei sú tilfinning að umhverfis sé skógurinn – rjóðrið er bara svona stórt! Allt er í rauninni viði vaxið ef einhver tré eru í landi og auk þess stendur íslensk þjóð svo föstum rótum að hún breiðir krónu sína yfir það sem upp á vantar.

YFIRHÖFN

Ég er það sem fyllir út í frakkann minn. Ókennilegt að sjá hvernig enn mótar fyrir sjálfum mér í honum upphengdum: olnbogar, herðar –

Líf mitt gæti verið einfaldara, svo sannarlega gæti það verið miklu einfaldara. En það gæti líka verið flóknara.

Er þetta ekki stórkostleg speki!

Þarna hangir frakkinn minn.

Hérna hangi ég.

ÞÚ HÉR?

Mörgum er það mesta raun að fara á milli herbergja. Þröskuldarnir reynast óyfirstíganlegir, hurðirnar hanga ískyggilega á hjörum eða skella á hæla manns af skyndilegum dragsúgi (ef það er þá dragsúgur). Þeir sem herða upp hugann og halda einfaldlega af stað vita ekki nema þeir lendi í framandlegri vistarveru og eigi ekki afturkvæmt, sérstaklega ef eitthvað skyldi hrökkva í baklás (láttu mig þekkja það).

Leiðin framhjá þessu getur verið sú að fara út um gluggann, jafnvel á efri hæðum fjölbýlishúsa, feta sig eftir hálum gluggasyllum eða hanga í illa festum þakrennum og lesa sig yfir í næsta opna glugga. Þar er gjarnan einhver sem tekur vel á móti manni og hefur aldrei þorað að fara út.

ÖSKJUHLÍÐ

Steingrímur Thorsteinsson átti sér hulinn dal í Öskjuhlíð þangað sem hann hvarf á hverjum degi. Þetta var skál í landslaginu, Perla á hvolfi. Það var hægt að renna sér fótskriðu frá efstu brún og niður í hvilftina og taka þátt í leik með litfögrum álfameyjum og gangmiklum útilegumönnum. Yfir þeim drundi í fyrstu járnbrautinni á Íslandi, ferlíki sem dró með gufuafli grjót og meira grjót niður á höfn. En erfiðara fyrir Steingrím að komast aftur upp glerfjallið eins og gefur að skilja. Til þess þurfti hann á öllu sínu ímyndunarafli að halda og gera sér í hugarlund að hann væri aftur kominn í húsið sitt góða við Austurvöll. Ímynduð heimferðin leit ofur venjulega út í augum bæjarbúa: hið ástsæla hjarðljóðaskáld á gangi vestur eftir og nemur af og til staðar að huga að smáblómi í vegkantinum. Furðu léttur á fæti, gamli maðurinn, og kímir í sífellu ofan í algrátt skeggið.

1005 sameinar styrkleika tveggja útgáfuforma, tilraunagleði og fagurfræðilegan margbreytileika tímaritsins annars vegar og áherslu ritraðarinnar á einstök bókverk í tímalegri samfellu hins vegar. Tímaritröðin 1005 er vettvangur fyrir metnaðarfull og róttæk skrif en olnbogarými þeirra hefur minnkað í íslenskum útgáfuheimi á undanförnum árum. Bókmenntirnar eru orðnar tímaskekkja. 1005 mun ekki láta blekkjast af sjónarspili kapítalísks vaxtar. 1005 lætur ekki stjórnast af ástæðulausri bjartsýni á pólitískar lausnir yfirleitt. 1005 boðar sigur fagurfræðilegra möguleika sem eru eini drifkrafturinn á bak við útgáfuna. Hér verður háskinn lofsunginn og lögð fæð á hugmyndafræðilegan einhug samtímans. Að engu skal stefnt af því að hreyfingin ein leiðir til einhvers. Í henni býr sköpunarkrafturinn. Þetta verður hans öld. Við lifum nú öld skáldskaparins.

HJARÐLJÓÐ ÚR VESTURBÆNUM © Sveinn Yngvi Egilsson. MMXIV.
ISSN MMCCXCVMMMCCLXXI eða 2298271X. ISBN CMLXXVIII-IXCMXXXV-IXCXLV-II-I eða 978-9935-9145-2-1
Útgefandi: 1005 í samstarfi við Kind. Reykjavík. MMXIII. Útlit og umbrot: Ragnar Helgi Ólafsson. Prentun: Prentsmiðjan Oddi. Öll réttindi áskilin. Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

1005 · TÍMARITRÖÐ

I. TBL. · VOR · MMXIII

HEFTI I: *Bautasteinn Borgesar* eftir Jón Hall Stefánsson
HEFTI II: *Bréf frá borg dulbúinna storma* eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur
HEFTI III: *Hælið – Skáldsaga* eftir Hermann Stefánsson

II. TBL. · VOR · MMXIV

HEFTI I: *Styttri ferðir* eftir ýmsa höfunda
HEFTI II: *Rússneski þátturinn* eftir Braga Ólafsson
HEFTI III: *Hjarðljóð úr Vesturbænum* eftir Svein Yngva Egilsson
HEFTI IV: *Uppfinning Morels* eftir Adolfo Bioy Casares

III. TBL. *mun koma út vorið* MMXV